

Allir skulu umsjónarmenn styrkja hver annan til að viðhalda góðri reglu í skólanum og utan skóla og leggjast allir á eitt með kennurunum í því. Ef umsjónarmenn vanrækja skyldu sína eða hylma yfir óreglu eða ósiðsemi, verður það þeirra ábyrgðarhluti.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík 28. desbr. 1906.

**H. Hafstein.**

---

*Jón Magnússon.*

## Auglýsing

**um birting stjórnarvaldaauglýsinga í blaðinu »Reykjavík«.**

Árið 1907 skal, nema uppsögn eigi sjer stað, birta í blaðinu »Reykjavík«, er út kemur hjer í bænum, auglýsingar þær, sem ræðir um í opnu brjefi 27. maí 1859 um breyting á reglum þeim, er gilda á Íslandi um auglýsingar í blöðunum í vissum tilfellum, og undanfarið hafa verið birtar í blaðinu »Þjóðólfi«.

Þetta er hjer með kunnert öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Í stjórnarráði Íslands, Reykjavík, 15. desember 1906.

**H. Hafstein.**

---

*Jón Magnússon.*

## Firnatilkynningar.

Samkvæmt lögum 13. nóvbr. 1903 um verzlunarskrár, firmu- og prókúru-umboð, hafa eptirgreind firmu og breytingar á firmum verið tilkynnt til innfærslu á verzlunarskrár landsins.

### I. Reykjavík.

1. Hlutfjelagið Járnsteypugjörð Reykjavíkur rekur í Reykjavík járnsteypugjörð með firmanafninu »Járnsteypugjörð Reykjavíkur«. Dagsetning samþykktar 9. júní 1905. Stjórn: Gísli Finnsson járnsmiður, Jón Brynjólfsson leðursali, Jón Pálsson organisti. Heimild til að rita firmað hafa stjórnendur fjelagsins allir sameiginlega. Prókúra engin. Stærð höfuðstóls 12,000 krónur. Hlutirnir hljóða upp á nafn. Hlutirnir eru greiddir að fullu. Birtingar til fjelagsmanna skulu birtar í blaði því, er flytur stjórnarvalda-auglýsingar.